

Laugardaginn 16. október 1954.

Nr. 3/1954. **Félag íslenzkra iðnrekenda**
(Páll S. Pálsson hdl.)
gegn
Iðju, félagi verksmiðjufólks
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Varadómari Benedikt Sigurjónsson í stað Ísleifs Árnasonar.
Varadómari Eyjólfur Jónsson í stað Helga Hannessonar og hrl. Sveinbjörn Jónsson nefndur af stefnanda samkv. 39. gr. laga nr. 80/1938 í stað hrl. Einars B. Guðmundssonar.

Kjarasamningur milli Félags iðnrekenda og Iðju, félags verksmiðjufólks, ekki talinn eiga að gilda sjálfkrafa um starfsmenn Áburðarverksmiðjunnar, sem voru félagsmenn í öðru félagi og tóku laun samkvæmt samningum þess félags.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 8. september þ. á. af Félagi ísl. iðnrekenda gegn Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík. Dómkröfur stefnanda eru þær, 1) að dæmt verði, að Áburðarverksmiðjan h.f. falli sem „meðlimur“ í Félagi ísl. iðnrekenda undir núgildandi kjarasamning Félags ísl. iðnrekenda og Iðju, félags verksmiðjufólks, samkvæmt ákvæðum 1. gr. téðs samnings. 2) að dæmt verði, að samningur stefnda við verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík, dags. 14. des. 1953, um aðild að samningum um kaup og kjör verksmiðjufólks hjá Áburðarverksmiðjunni h.f. sé ekki í samræmi við kjarasamning málsaðilja, sérstaklega ekki 26. gr. hans.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda.

Hvorugur aðilja hefur krafizt málskostnaðar.

Málsatvik eru þessi:

Aðiljar máls þessa, Félag ísl. iðnrekenda og Iðja, félag verksmiðjufólks, hafa mörg undanfarin ár samið sín á milli

um kaup og kjör verksmiðjufólks í Reykjavík. Hafa kjarasamningar þeirra verið framlengdir frá ári til árs með þeim breytingum, sem um samdist í hvert sinn. Í kjarasamningi þeim, sem í gildi var á tímabilinu frá febrúarmánuði 1953 til 1. júní 1954 segir svo:

1. gr. 1. mgr.

„Meðlimir Félags ísl. iðnrekenda falla allir undir þennan samning, nema þeir vinni að framleiðslu, sem heyrir undir starfssvið annars verkklýðsfélags innan Alþýðusambands Íslands.“

22. gr.

„Allt verksmiðjufólk hjá meðlimum Fél. ísl. iðnrekenda, sem samningur þessi nær yfir, skal vera meðlimir í Iðju, félagi verksmiðjufólks.“

24. gr. 1. málsg.

„Stjórn Iðju skuldbindur sig til að veita öllu því fólki inntöku í félagið, sem hefur vinnu eða von um vinnu hjá einhverjum af þeim fyrirtækjum, sem eru meðlimir í F. Í. I. og samningar þessir ná til, enda standi það ekki í óbættum sökum við önnur verkklýðsfélög.“

26. gr.

„Ef um nýtt iðnfyrirtæki er að ræða, skulu bæði félagin vinna í sameiningu að því, að uppfyllt verði ákvæði 22. gr. og skoðast það ekki sammingsrof meðan á þeim samningum stendur, þótt skilyrðum þeirrar greinar sé ekki fullnægt.“

Samkvæmt samþykktum Félags ísl. iðnrekenda geta öll starfandi iðnfyrirtæki orðið félagar. Í samþykktum Iðju, félags verksmiðjufólks, segir m. a., að tilgangur félagsins sé „að efla og styðja hag og menningu verksmiðjufólks“ og „að gangast fyrir félagssamtökum verksmiðjufólks í atvinnugreinum skyldum verksmiðjurekstri.“

Á árinu 1952 var hafizt handa um byggingu verksmiðju í Gufunesi í Reykjavík til þess að framleiða tilbúinn áburð og hlaut fyrirtæki þetta, sem var hlutafélag, nafnið Áburðarverksmiðjan h/f. Verkamenn þeir, sem unnu að byggingu verksmiðjunnar, munu allflestir hafa verið félagsmenn í verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík, og unnu upp-

haflega með þeim kjörum, sem það félag hafði samið um við Vinnuveitendasamband Íslands. En síðar, eða 7. febrúar 1953, voru gerðir kjarasamningar milli Áburðarverksmiðjunnar h.f. og Dagsbrúnar, sem enn mun farið eftir, auk munnlegs samkomulags um vaktavinnu, sem upphaflega mun hafa komið á í nóvember 1953 og eitthvað verið breytt 16. febrúar þ. á., en um gildi þess sem kjarasamnings, er nú deilt í öðru máli hér fyrir dómi. Í nóvembermánuði 1953 var byggingu verksmiðjunnar það langt komið, að farið var að reyna vélar hennar og undirbúningur hafinn að starfrækslu hennar í framtíðinni. Jafnframt fóru þá fram (í nóvember og desember 1953) viðræður milli fulltrúa Áburðarverksmiðjunnar h.f. annars vegar og fulltrúa frá verklýðsfélagunum Dagsbrún, Iðju, Félagi rafvirkja og Félagi járníðnaðarmanna hins vegar um kaup og kjör starfsmanna verksmiðjunnar, er að því kæmi, að rekstur hennar hæfist. Er því haldið fram af stefnda hálfu í máli þessu, að það hafi komið skýrt fram í umræðum þessum, að það væri mál verklýðsfélaganna, hvert þeirra færi með samningsaðild af hálfu verkamanna og hafi fyrirsvarsmenn Áburðarverksmiðjunnar þá fallið á það sjónarmið. Af hálfu Áburðarverksmiðjunnar er því hins vegar haldið fram, að þetta sjónarmið hafi að vísu borið á góma, en því hvorki verið játað né neitað af hennar hálfu.

Hinn 11. desember 1953 ritar Áburðarverksmiðjan h.f. svohljóðandi bréf til Iðju:

„Með því að fyrir liggur að semja um kjör þeirra ófaglærðu manna, sem koma til með að vinna við framleiðslu í verksmiðju vorri í Gufunesi, svo sem fram hefur komið í samtölum við yður, þá óskum vér eftir, að umræður um þetta mál megi hefjast við fyrsta tækifæri. Vér viljum taka fram, að samkvæmt eðli málsins teljum vér, að félag yðar, vegna starfssviðs þess, sé réttur samningsaðili um þetta mál, og óskum því eftir, að þér hlutizt til um, að samningsviðræður megi hefjast hið fyrsta milli Iðju og Áburðarverksmiðjunnar h.f.“

Viðbrögð stjórnar Iðju við bréfi þessu urðu þau, að hún

hlutaðist til um það, að stjórn Iðju og stjórn verkamannafélagsins Dagsbrúnar komu saman á fund hinn 14. desember s. á. Skýrði fyrirvarsmaður Iðju þar frá framangreindu bréfi Áburðarverksmiðjunnar til félagsins. Á fundi þessum varð það að samkomulagi milli nefndra verklýðsfélaga, „að Verkamannafélagið Dagsbrún fari með samninga fyrir þá ófaglærðu verkamenn, sem koma til með að vinna við framleiðslustörf verksmiðjunnar“, þ. e. Áburðarverksmiðjunnar h.f. Þetta samkomulag tilkynnti Iðja Áburðarverksmiðjunni með bréfi daginn eftir, hinn 15. desember 1953. Þegar þetta gerðist, hafði enginn félagsmaður úr Iðju ráðizt til starfa hjá Áburðarverksmiðjunni h.f., og stendur svo enn. Eftir þetta tók Iðja ekki þátt í samningsumleitunum þeim, er síðar fóru fram milli Áburðarverksmiðjunnar og áður nefndra verklýðsfélaga.

Hinn 31. maí s.l. endurnýjuðu aðiljar máls þessa kjarasamning þann, er gilt hafði milli þeirra til þess tíma, og eru ákvæði 1., 22., 24. og 26. gr. núgildandi kjarasamnings samhljóða samningsákvæðum þeim, sem stóðu í eldri samningnum og rakin eru hér að framan, og er upp komið, að þá hafi ekki verið á það minnzt, að Áburðarverksmiðjan h.f. mundi gerast félagi í Félagi ísl. iðnrekenda. Hinn 8. júní s.l. sækir Áburðarverksmiðjan h.f. um inngöngu í Félag ísl. iðnrekenda og er tekin gild sem félagi í því sama dag. Hinn 16. júní þ. á ritar Áburðarverksmiðjan h.f. Félagi ísl. iðnrekenda og bendir á, að nauðsynlegt sé, að gengið sé strax til samninga um þau atriði, sem varða Áburðarverksmiðjuna sérstaklega og „ekki eru til ákvæði fyrir um í núgildandi samningum við Iðju, félag verksmiðjufólks.“ Samkvæmt þessu óskaði Félag ísl. iðnrekenda eftir því við Iðju 22. s. m., að tekna yrðu upp samningaviðræður milli Iðju og félagsins um þessi atriði. Iðja svaraði þessari málaleitan með bréfi dags. sama dag. Rekur hún þar samningsgerð sína við Dagsbrún frá 14. des. 1953 og bréfaviðskipti þau, er þá fóru fram milli Iðju og Áburðarverksmiðjunnar og kvaðst samkvæmt því ekki vera samningsaðili um kaup og kjör ófaglærðra verkamanna hjá Áburðarverksmiðjunni h.f. Félag ísl. iðnrekenda, stefn-

andi máls þessa, vildi ekki fallast á þetta sjónarmið Iðju, stefnda í máli þessu, og þar sem aðiljar gátu ekki komizt að samkomulagi um þetta atriði, urðu þeir ásáttir um að skjóta ágreiningi þessum til Félagsdóms og hafa þeir gert þær dómkröfur, sem að framan greinir.

Verkamannafélagið Dagsbrún hefur átt þess kost að gæta réttar síns í máli þessu og hefur komið fram greinargerð af þessu hálfu.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar í máli þessu í aðalatriðum á því, að stefnda hafi vegna ákvæða kjarasamnings þess, sem í gildi var milli málsaðilja í desember 1953, verið óheimilt að semja um það við Verkamannafélagið Dagsbrún, að nefnt félag skyldi fara með samninga fyrir þá ófaglærðu verkamenn, sem væntanlega ynnu við framleiðslustörf verksmiðjunnar. Heldur stefnandi því fram, að samkvæmt 26. gr. þágildandi kjarasamnings hafi báðum aðiljum verið skylt að vinna að því, að fullnægt yrði ákvæðum 22. og 24. gr. sama samnings, að því er Áburðarverksmiðjuna h.f. varðaði, þar sem þar hafi verið í uppsiglingu nýtt iðnfyrirtæki, sem samkvæmt framleiðslu sinni falli undir starfssvið Iðju, og eigi eftir eðli sínu heima í félagsskap stefnanda. Ákvæði 26. gr. kjarasamningsins séu jafn skuldbindandi fyrir samningaðilja, hvort sem fyrirtækið sé þegar orðið félagi í Félagi ísl. iðnrekenda eða ókomið í þann félagskap. Fáí framangreindur samningur Iðju og Dagsbrúnar 14. des. f. á því ekki staðizt gagnvart stefnanda, enda þótt hann að öðru leyti geti verið löglegur samningur. Þá er það enn álit stefnanda, að Áburðarverksmiðjan h.f. hafi fallið beint undir ákvæði kjarasamnings málsaðilja frá 31. maí þ. á. jafnskjótt og hún varð félagi í Félagi ísl. iðnrekenda 8. júní s.l., án þess að semja þyrfti um það sérstaklega. Kveður hann það fasta og algilda reglu í viðskiptum málsaðilja og reyndar grundvallarreglu um kjarasamninga, að nýir félagar í samtökum þeim, er að kjarasamningi standa, taki sjálfkrafa á sig skyldur og öðlist réttindi samkvæmt gildandi samningi jafnskjótt og þeir hafi verið samþykktir sem félagar.

Af hálfu stefnda er því hins vegar haldið fram, að um-

ræddur samningur hans við Verkamannafélagið Dagsbrún hafi á engan hátt verið andstæður þágildandi kjarasamningi málsaðilja, hvorki 26. gr. hans né öðrum ákvæðum. Áburðarverksmiðjan h.f. hafi ekki verið orðin félagi í Félagi ísl. iðnrækenda þegar sá samningur var gerður, en útilokað sé, að 26. gr. kjarasamningsins geti átt við um önnur fyrirtæki en þau, sem þegar hafi gengið í félagsskap stefnanda. Stefndi hafi því ekki með samningnum við Dagsbrún á nokkurn hátt gengið á gerða samninga við stefnanda, en hins vegar sé verklýðsfélögum almennt heimilt að semja sín á milli um starfssvið sín og eigi hvorki atvinnurekendur né aðrir nokkurn ihlutunarrétt um það. Þá mótmælir stefndi því, að Áburðarverksmiðjan h.f. hafi fallið sjálfkrafa undir kjarasamning málsaðilja frá 31. maí þ. á., þegar hún gekk í félagsskap stefnanda 8. júní þ. á. Heldur hann því fram, að nýir félagsmenn í Félagi ísl. iðnrækenda geti því aðeins fallið undir ákvæði samningsins, að starfsemi þeirra sé í eðli sínu í samræmi við hann. Nú séu starfshættir Áburðarverksmiðjunnar þannig, að þeir geti um ýmis atriði alls ekki samrýmt ákvæðum kjarasamningsins. Hafi hann því alls ekki getað átt við um starfsemi hennar og komi þetta skýrt í ljós af því, að stefnandi hafi óskað eftir því við Iðju, að gengið yrði til sérstakra samninga um Áburðarverksmiðjuna. Af þessu sé ljóst, að hún falli ekki undir kjarasamning málsaðilja. En að áliti stefnda er það þó þyngst á metunum honum til sýknu, að stefnandi hafi vitað, þegar hann samdi við stefnda 31. maí s.l., að það væri ekki ætlun stefnda, að samningurinn tæki til Áburðarverksmiðjunnar, þótt hún gerðist félagi í félagsskap stefnanda og geti verksmiðjan því þegar af þeirri ástæðu ekki fallið undir ákvæði hans.

Eins og áður er rakið, er tilgangur stefnda samkvæmt samþykktum hans, „að efla hag og menningu verksmiðjufólks“ — og „gangast fyrir félagssamtökum verksmiðjufólks í atvinnugreinum skildum verksmiðjurekstri“. Það er og uppkomið í málinu, að samkvæmt samþykktum Verkamannafélagsins Dagsbrúnar geta í því félagi verið verkamenn, „sem vinna að hverskonar framleiðslu“ og „ekki

taka laun samkvæmt samningum — — annarra viðurkendra verklyðsfélaga“. Enn liggur það fyrir, að allflestir starfsmenn Áburðarverksmiðjunnar eru ófaglærðir verkamenn, sem upphaflega unnu að byggingu verksmiðjunnar og voru þá og eru félagsmenn í Dagsbrún og tóku laun samkvæmt kjarasamningum þess félags. Hins vegar er ekki vitað, að neinn starfsmaður verksmiðjunnar sé eða hafi verið félagsmaður í Iðju. Samningur sá, sem stefndi og Dagsbrún gerðu með sér 14. des. 1953 virðist því ekki þurfa að vera í ósamræmi við samþykktir nefndra félaga, enda er því ekki haldið fram af hálfu stefnanda, að hann sé almennt ógildur. Ekki verður heldur talið, að hann sé eins og á stóð í andstöðu við þann kjarasamning, sem í gildi var milli aðilja máls þessa í desembermánuði f. á. Áburðarverksmiðjan h.f. var þá ekki enn gengin í Félag ísl. iðnrekenda og dómurinn getur ekki fallið á þá skoðun stefnanda, að ákvæði 26. gr. samningsins eigi við um iðnfyrirtæki, sem ekki eru félagar í félagsskap stefnanda. Ber því að sýkna stefnda af síðari kröfulið stefnanda í máli þessu.

Að því er fyrri kröfulið stefnanda varðar, er það framkomið, að stefndi tilkynnti Áburðarverksmiðjunni h.f. þegar hinn 15. desember um áðurnefnt samkomulag sitt við Dagsbrún 14. s. m. og tók ekki eftir það þátt í samninga-umleitunum um kaup og kjör starfsmanna verksmiðjunnar, sem þó stóðu yfir án árangurs, að því er talið er, allt til 10. marz s.l. Það er og upp komið, að framkvæmdastjórn stefnanda vissi þegar í janúarmánuði s.l. um oftnefnt samkomulag. Ekki er vitað, að samningur Dagsbrúnar og Iðju hafi borið á góma, þegar Iðja og Félag ísl. iðnrekenda framlengdu kjarasamning sinn 31. maí s.l., og ekkert hefur heldur komið fram, sem bendir til þess, að stefnandi hafi þá haft ástæðu til þess að ætla, að breyting hefði orðið á margnefndu samkomulagi Iðju og Dagsbrúnar frá 14. des. f. á. Nú má að vísu fallast á það með stefnanda, að samkvæmt kjarasamningi málsaðilja gildi almennt sú regla, að nýtt iðnfyrirtæki, sem gengur í félagsskap stefnanda og ákvæði samningsins geta átt við um, falli án sérstakra samninga undir ákvæði hans. En að því er Áburðar-

verksmiðjuna h.f. varðar þykir ljóst, að hvorki fyrirsvarsmenn hennar né stefnandi hafi af því sem á undan var gengið og eins og á stóð um starfsmenn verksmiðjunnar getað vænt þess eða mátt gera ráð fyrir því, að ákvæði kjarasamningsins frá 31. maí næðu til hennar, þótt hún gerðist félagi í Félagi isl. iðnrekenda. Verður því þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda í því, og þar sem málskostnaðar hefur ekki verið krafizt, fellur hann niður.

Dómsorð:

Stefndi, Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Félags isl. iðnrekenda, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
